

444. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. desember 2019
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði og Arna Ýr Kristinsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Alberta G. Guðbjartsdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Kynning Vá Vest fyrir Velferðarnefnd - 2019120001

Fulltrúar Vá Vest mæta til fundar og kynna helstu verkefni í forvarnarmálum á norðanverðum Vestfjörðum.

Velferðarnefnd þakkar fulltrúum Vá Vest fyrir góða kynningu og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að gerður verði samningur við Vá Vest um áframhaldandi forvarnarvinnu.

Gestir

Hlynur Snorrason - 08:10

Stella Hjaltadóttir - 08:10

Esther Ósk Arnórsdóttir - 08:10

Hlynur Snorrason, Stella Hjaltadóttir og Esther Ósk Arnórsdóttir mættu til fundar kl.08:10 og véku af fundi kl.09:00.

Tinna Hrund Hlynsdóttir og Margrét Geirsdóttir véku af fundi þegar að ákvörðun velferðarnefndar var tekin.

2. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmál afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

3. Rekstur kvennaathvarfs 2020 - styrkbeiðni - 2019100099

Lagt fram bréf Brynhildar Jónsdóttur, rekstrarstýru kvennaathvarfsins, dags. 20. október 2019 þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2020 að upphæð kr. 200.000,-.

Með vísan til fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2020 er samþykkt er að veita styrk til Kvennaathverfs að upphæð kr. 60.000,-.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 14. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkun tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetningu), 320. mál. Umsagnarfrestur er til 3. desember nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1083. fundi sínum 18. nóvember sl., og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd.

Lagt fram til kynningar.

5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 6. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 328. mál. Umsagnarfrestur er til 27. nóvember nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1082. fundi sínum 11. nóvember sl., og vísaði því til velferðarnefndar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:55

Tinna Hrund Hlynsdóttir
Hafberg

Þórir Guðmundsson

Hulda María Guðjónsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Margrét Geirsdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir

Arna Ýr Kristinsdóttir